

**III. Heimæðargjald.**

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

|   |                    |            |
|---|--------------------|------------|
| Allt að 400 m <sup>3</sup> . . . . .                          | kr.                | 58 456,00  |
| hver m <sup>3</sup> yfir 400 að 2000 m <sup>3</sup> . . . . . | kr./m <sup>3</sup> | 50,00      |
| Fyrir 2000 m <sup>3</sup> . . . . .                           | kr                 | 137 390,00 |
| hvern m <sup>3</sup> þar yfir . . . . .                       | kr./m <sup>3</sup> | 41,40      |

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 11 352,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

**IV. Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 1 560,00.

**V. Ýmis ákvæði.**

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 860,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 751,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 211, 10. apríl 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1990.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Bessastaðahrepps.****I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

## II. KAFLI

## 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 50,00.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

## 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

|                                       | Kr.    |
|---------------------------------------|--------|
| a) fyrir mæla til og með ¾" . . . . . | 397,00 |
| b) fyrir mæla 1" og stærri . . . . .  | 880,70 |

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 564,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

## 7. gr.

Heimædagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss<br>(utanmál) m <sup>3</sup> | Heimæðargjald |
|---|---------------|
|---|---------------|

Allt að 600 kr. 181 795,00

600–2 000 kr. 181 795,00 fyrir 600 m<sup>3</sup> + 124,35 kr/m<sup>3</sup> þar yfir

Meira en 2 000 kr. 356 548,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + 107,43 kr/m<sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14 329,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 829,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1990, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 153, 20. mars 1989 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1990.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*